

## GJALDSKRÁ

### fyrir gatnagerðargjöld í þéttbýli og þéttbýliskjörnum í Flóahreppi.

#### 1. gr.

##### *Almenn heimild.*

Af öllum lóðum og nýbyggingum, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum í þéttbýli og þéttbýliskjörnum, skal greiða gatnagerðargjald til sveitarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Einnig skal greiða vegna sömu framkvæmda, stofngjald holræsa skv. lögum nr. 15/1923.

Gjaldskráin nær ekki yfir blandaða landnotkun íbúðarsvæðis og landbúnaðarsvæðis og skal samið um það sérstaklega þegar um er að ræða aðild sveitarfélagsins.

#### 2. gr.

##### *Ráðstöfun gatnagerðargjalds.*

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar á þeim þéttbýlisstöðum í Flóahreppi sem greiða gatnagerðargjöld til sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá þessari. Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds holræsa skal varið til holræsaframkvæmda.

Stofngjald vatnsveitu og byggingarleyfisgjöld eru ekki innifalin í gatnagerðargjaldi og innheimtast sérstaklega.

#### 3. gr.

##### *Grunnur gatnagerðargjalds.*

Af hverjum fermetra lóðar greiðist ákveðin upphæð, margfölduð með nýtingarhlutfalli lóðarinnar\* svo sem hér segir:

Íbúðarhúsalóðir (einbýlishús, parhús, raðhús) með bílgeymslu	8.500 kr. pr./m <sup>2</sup>
Iðnaðarhúsalóðir	2.400 kr. pr./m <sup>2</sup>
Verslunar- og þjónustuhúsalóðir	3.000 kr. pr./m <sup>2</sup>
Hesthús, gróðurhús	1.200 kr. pr./m <sup>2</sup>

\*) Ef nýtingarhlutfall er ekki skilgreint í deiliskipulagsupprætti, er miðað við nýtingarhlutfallið 0,3.

#### 4. gr.

##### *Grunnur holræsa.*

Stofngjald holræsa, 250 kr. greiðist fyrir hvern samþykktan rúmmetra húsnaðis í þéttbýli.

#### 5. gr.

##### *Greiðsla gatnagerðar- og holræsa.*

Heimilt er að haga greiðslu gatnagerðargjalds sem hér segir:

Innan eins mánaðar frá undirskrift lóðarleigusamnings eða útgáfu byggingarleyfis á eignarlóð skal greiða 30% af álögdum gatnagerðargjaldi, 30% innan 6 mánaða og 40% þegar lokið er frágangi samkvæmt úboðslýsingu á viðkomandi götu.

Holræsagjald greiðist þegar byggingarteikningar af viðkomandi fasteign hafa verið samþykktar af byggingarfulltrúa.

## 6. gr.

*Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.*

Gatnagerðargjald skal endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:

- a) Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
- b) Ef gatnagerðargjald hefur verið greitt í tengslum við útgáfu byggingarleyfis, en leyfið fellur úr gildi.

Endurgreiðsla gatnagerðargjalds skv. a-lið er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í sex mánuði.

Frestur til endurgreiðslu er í öðrum tilvikum einn mánuður frá því að lóðarhafi krefst endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. b-lið.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt óverðbætt og án vaxta.

Við framkvæmd ákvæða þessarar greinar skal stuðst við 9. gr. reglugerðar um gatnagerðargjöld nr. 543/1996.

## 7. gr.

*Afturköllun lóðarúthlutunar og heimild til afturköllunar byggingarleyfis, ef gatnagerðargjald er ekki greitt.*

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskyldum tíma og er sveitarstjórn þá heimilt að afturkalla byggingarleyfið og/eða lóðarúthlutun og skal kveða svo á í úthlutunar- eða byggingarskilmálum.

Hafi teikningar af fyrirhuguðu húsi ekki borist byggingarnefnd til samþykktar innan 6 mánaða frá úthlutun lóðar, fellur lóðarúthlutun úr gildi og endurgreiðast þá gatnagerðargjöld samkvæmt 5. gr., a-lið.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ.e. að lóð fellur aftur til sveitarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu byggingarleyfis, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

## 8. gr.

*Ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.  
Lögveðsréttur.*

Lóðarhafi leigulóðar og eigandi eignarlóðar ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald er ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði tryggt með lögveðsrétti í fasteign á viðkomandi lóð með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

## 9. gr.

*Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld.*

Samningar um gatnagerðargjöld af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við Flóahrepp fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjöld, sem sveitarstjórnir hafa sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi eða lóðareigandi hefur undirgengist, halda gildi sínu, sbr. 2. tölulið í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 17/1996, nema aðilar séu um annað sáttir.

10. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps skv. heimild í lögum nr. 17/1996 um gatnagerðargjald og 11. gr. reglugerðar um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Flóahreppi, 2. janúar 2007.*

**Margrét Sigurðardóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 23. maí 2007